

Skáldskapur!

flóð af íslenskum plötum



Gramóphón-plötur

Hugtakið „hljómplata“ barst til Íslands frá Vestur-Íslendingum í Kanada en talað var um „grammófonplötur“ á Íslandi til að byrja með. Orðið kom fyrst fram á prenti hjá Vestur-Íslendingum 1918 en ekki fyrr en 1930 á Íslandi og festi sig ekki í sessi fyrr en plötur úr vínylefni komu á markað um jólin 1952.



Bókverzlun Ísafoldar hefir fengið allmiklar birgðir af hinum margþráðu íslensku gramóphónlögum, sem Pétur Jónsson hefir sungið:

Fíflbrekka gróin grund

Gígjan.

Augun bláu.

Hver plata kostar 2 kr.

Eftirspurnin mikil. Því ráðlegast að hraða kaupunum.



Tage Ammendrup (1927–1995) var brautryjandi tónlistarútgáfu á Íslandi á 5. og 6. áratugnum. Hann hóf feril sinn sem kaupmaður í versluninni Drangey og gaf út nótur, kennslubækur, lagatexta, tímaritin Jazz 1947 og Musica 1948–50 undir nafni Drangeyjar.

Plötuútgáfa hans „Íslenskir tónar“ hafði slagorðið „Hin íslenska hljómplata“ og gaf út rúmlega tvö hundruð plötur á árunum 1948–1965. Helmingur þeirra voru 78 snúninga og seldar í brúnum pappírsumslögum.

Útvarp Reykjavíki

Árið 1930 var merkilegt þar sem Ríkisútvarpið hóf starfsemi og svo komu enskir tæknimenn á vegum Fálkans frá Columbia Records til þess að taka upp lög/söngva og gefa út. Það var endurtekið þremur árum síðar en salan varð ekki jafn góð og á fyrri upptökunum vegna kreppunnar sem hafði skolið á. Á þessum árum byrjaði lægð í íslenskrari tónlistarútgáfu sem varði til loka 5. áratugarins.

Tónlist!

